

## **10. fundur ferðamálaráðs**

### **4. febrúar 2016 kl. 11-13**

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Mættir:** Þórey Vilhjálmisdóttir formaður, Jón Ásbergsson, Þórir Garðarsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Halldór Benjamín Þorbergsson, Hjálmar Sveinsson, Páll Marvín Jónsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir (í síma) og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestur:** Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála.

---

#### **1. Frumvarp til laga um leiðsögumenn ferðamanna**

Fundarmenn ræddu og voru sammála um að löggilding starfsheitis leiðsögumanna sé ótímabær. Málið þarf að skoða mun betur og breið samstaða að nást um það fyrst. Gera þyrfti opinbera stefnu um menntun leiðsögumanna, skipuleggja námið betur m.t.t. aukinna krafna sem fylgja vaxandi ferðaþjónustu og fella það inn í almenna skólakerfið.

#### **2. Staða mála hjá Stjórnstöð ferðamála**

Hörður Þórhallsson fór yfir það sem hefur áunnist í framkvæmd forgangsverkefna síðan Stjórnstöðin tók til starfa:

- 150 m.kr. aukafjárveiting fékkst í rannsóknir fyrir 2016. Stýrihópur um áreiðanleg gögn stefnir að því að leggja fram rannsóknaráætlun í mars.
- 666 m.kr. aukafjárveiting var veitt til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir 2016 en heildarupphæð sjóðsins er nú um 1,5 milljarður. Búið er að fara yfir starfsreglur sjóðsins og verið að vinna að því að bæta verklag til þess að flýta því að verk komist í framkvæmd fyrir sumarið.
- Stýrihópur um öryggi ferðamanna á vegum innanríkisráðuneytisins vinnur nú með Stjórnstöð að tillögu um aðgerðaáætlun til fimm ára. Öryggiskröfur til ferðaþjónustufyrirtækja verða einnig skoðaðar samhliða endurskoðun laga um skipan ferðamála sem er að fara af stað.
- Verið er að leita að erlendum ráðgjafa til þess að vinna með svæðunum að svæðisáætlunum í ferðaþjónustu.
- Vinnuhópur um hæfni og mannaflapörf undirbýr könnun á mannaflapörf úti um allt land en stefnt er að niðurstöðu í mars/apríl.
- Ráðgjafar eru komnir af stað í vinnu við áhættu/sviðsmyndagreiningu.
- Aðgerðahópur 2016 er kominn í gang og hefur það hlutverk að einblína á brýnustu aðgerðir sem er hægt að leysa á skömmum tíma.
- Verið er að skoða alla möguleika varðandi að bæta salernismál til skemmri og lengri tíma. Úttekt Eflu fyrir Vegagerðina verður fylgt eftir og kostir eins og að nýta salernisaðstöðu á félagsheimilum, söfnum og setrum skoðaðir.
- Verið er að vinna að því að koma öðrum málum í farveg s.s. varðandi auknar tekjur af ferðaþjónustu til sveitarfélaga, samgöngumál, svarta starfsemi, málefni þjóðgarða ofl.

Hugsanlegt er að Ferðamálaráð komi að verkefni varðandi skilvirkara stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Búið er að ræða þessa hugmynd við ráðherra. Kortlagning stoðkerfisins var unnin af Edward Huijbens hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála fyrir um tveimur árum. Ákveðið að fá Edward inn á næsta fund.

Rætt um mikilvægi þess að upplýsa almenning og greinina um framgang mála hjá Stjórnstöð sem fyrst en verið er að undirbúa aðlögun vefs og skoða aðrar kynningarleiðir.

**Fundi slitið kl. 12:45**